Skýrsla mannvirkjanefndar LH 2024-2026

Eftir landsþing LH 2024 var samþykkt á fundi stjórnar LH að stjórn skipi sjö fulltrúa í mannvirkjanefnd sambandsins.

Hilmar Guðmannsson Fáki, formaður
Reynir Atli Jónsson Snæfaxi-Freyfaxi
Pétur Bragason Máni
Jón Þorberg Steindórsson Geysir
Sigurður Tyrfingsson Sprettur-Jökull
Stefán G. Ármannsson Dreyri
Vignir Björnsson Fákur

Helsta verkefni nefndarinnar var eftirfylgni á vallaraðstæðum á Hólum í Hjaltadal. Hilmar formaður fór heim að Hólum 22. maí og hitti framkvæmdanefnd Landsmótsins og fékk stöðuuppfærslu. Aðstaðan leit vel út, góður rómur gefinn af völlum á þeim mótum sem höfðu verið haldin á nýja vellinum. Ný ferjuleið var í bígerð ásamt nýjum velli við hlið þess gamla. Innviðir mótsins voru sömuleiðis í góðum farvegi. Á landsmótinu sást svo að keppnissvæðið á Hólum er eins gott og það getur orðið.

Nýji völlurinn skilaði sínu sem upphitunarvöllur og ferjuleið sömuleiðis vel úr garði gerð. Skiptar skoðanir voru með efnið í vellinum en vallaraðstæður voru á heildina mjög góðar.

Susanne Braun er með mjög áhugavert verkefni um gæði reiðvalla hvað varðar heilsu keppnishrossa. Helsti tilgangur verkefnisins er að tryggja heilbrigði hesta, sanngirni í keppni og framtíð íslenskrar hestaíþróttar með faglegri og staðlaðri nálgun að gæðum reiðvalla.

Pétur Bragason var í sambandi við hana til að fá kynningu og umræður um uppbyggingu keppnisvalla. Því miður náðist það ekki, vonandi heldur sú vinna áfram í nýrri nefnd.

Annars voru góðar umræður á fundum. Hér fylgja nokkrir punktar úr fundargerðum.

1. **Vinnureglur þegar met eru slegin**
   Nefndin vill hafa betri og auðsóttari upplýsingar um aðbúnað á mótum svo að ekki verður uppi fótur og fit þegar met er slegið. Nefndin vill hvetja félög til að hafa brautarmerkingar skýrar og hafa sem vinnureglu að yfirfara brautir og búnað fyrir hvert tímabil.
2. **Dómarahús**
   Staðsetning dómarahúsa kom til umræðu. Sérstaklega fyrir A-flokk gæðinga. Í þeim flokki er aðdragandi fyrir skeið mjög langur og oft best fyrir dómara að vera lengra frá brautinni til að sjá allan sprettinn. Einnig kom til tals hvort dómarar ættu að komast í skjá til að dæma eftir ef að eitthvað þótti óljóst. Eins konar VAR. Hver veit.
3. **Þjóðarhöll**

Almennar umræður um þjóðarhöll og hvernig hægt er að koma íslenska hestinum inn í þá höll. Sigurður hafði hitt Willum Þór fyrr á árinu og átti við hann gott spjall. Margt jákvætt heyrst um veru íslenska hestsins í þeirri höll en verður gaman að sjá þegar á reynir. Þegar hún er komin. Ekkert stress.
Hilmar benti á fund sem haldinn var í Fáki árið 2022 um nýja Fákshöll sem var sett fram sem fjölnota samkomuhús með aðaláherslur á hestamennsku. Innanhúsvöllur í fullri stærð ásamt aðstöðu til viðburðahalds. Þannig höll myndi henta íslenska hestinum mun betur. Ekkert kom út úr þeim kynningarfundi og hefur umræðan legið í dvala síðan.
Jón Þorberg benti á hvort ekki þyrfti að taka þetta upp í samningaviðræðum Fáks og Reykjavíkurborgar um framtíð Víðidalsins.
Gott að halda umræðunni á lofti og vera vakandi þegar þjóðarhöllin fer af stað.

4. **Þjóðleiðir**
   Hver er að vaka yfir hagsmunum hins almenna félagsmanns og ekki síst útreiðamanns þegar kemur að gömlum þjóðleiðum sem og deiliskipulagi hverfa, bæja og borga í kringum hesthúsahverfi. Alltof oft er verið að standa í framkvæmdum sem skarast á við hagsmuni hestamanna sem ekki er verið að passa upp á.
   Vegagerðin á að passa reiðvegagerð meðfram nýjum vegum sem skarast við gamlar þjóðleiðir. En alltof oft hefur orðið misbrestur þar á.
   Spurning til Stjórnar LH: Hver sér um eftirlit á framkvæmdum hins opinbera varðandi framkvæmdir sem skarast á við hagsmuni hestamanna? Er hægt að vinna þetta örðuvísi eða þarf bara að bæta í? Mannskapur og þá fjármagn?
   Hilmar, Reynir og Jón Þorberg koma þessu á framfæri á næsta Stjórnarfundi LH.

Góðir fundir og góðar umræður á þeim fundum sem haldnir voru. Takk fyrir það.

Kær kveðja,

Hilmar Guðmannsson
formaður mannvirkjanefndar LH.